Fundargerð 2. fundar úthlutunarnefndar menningarsjóðs Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 25. júní 2021. Fundur hófst kl. 9.

Mætt voru: Þórarinn J. Þórisson formaður, Halldóra J. Friðbergsóttir. og Jón Gunnþórsson nefndarmenn. Auk þess sat Björn S. Lárusson skrifstofustjóri fundinn og ritaði fundargerð.

1. **Umsókn frá Grétu Bergrúnu Jóhannesdóttur um útgáfu korts af „Söguslóð um Þórshöfn“.**
   Sótt er um styrk að upphæð 250 þúsund til prentunar á kortinu.
   *Bókun nefndarinnar;* Nefndin samþykkir að veita kr. 250.000 til verkefnisins.

2. **Umsókn um styrk frá Björgvini Þóroddssyni til prentunar á ljóðabók.**
   Með umsókninni fylgir handrit að ljóðabók sem er í prentun í Reykjavík.
   *Bókun nefndarinnar;* Nefndin óskar eftir frekari rökstuðningi við umsóknina, ítarlegri greinargerð og kostnaði við verkefnið (prentkostnaði). Frestur til að skila því inn er veittur til 8. júlí 2021.

3. **Umsókn um styrk frá Sölva Steini Alfreðssyni.**
   Verkefnið nefnist nýlist í Langanesbyggð.
   *Bókun nefndarinnar;* Nefndin samþykkir að veita kr. 150.000 til verkefnisins. Nefndin leggur áherslu að gerður verði samningur vegna umsóknarinnar um uppsetningu, viðhald og umhirðu verknana á milli sveitarfélagsins og umsækjanda.

4. **Önnur mál.**
   Nefndin fer þess á leit við sveitarstjórn að það fé sem eftir verður í Menningarsjóði renni til framlaga á næsta ári og bætist við fjárhagsáætlun ársins 2022. Úuthlutunin nú er sú fyrsta úr sjóðnum og fáar umsóknir bárust.

Fleiri og ekki gert og fundi slitið kl. 9:45

Þórarinn Þórisson
Halldóra Friðbergsd.
Jón Gunnþórsson

Björn Lárusson